



Reglugerð fyrir kjör íþróttamanneskju Akraness

1. Kjör íþróttamanneskju Akraness er öllu jafnan kunngjört á Þrettándanum ár hvert.
2. Helga Dan. bikarinn sem afhentur er íþróttamanni Akraness er gefinn til minningar um Helga Bergmann Daníelsson, fyrst afhentur 6. Jan. 2022.
3. Eingöngu íþróttafólk sem keppa fyrir aðildarfélög ÍA eru kjörgeng við val á Íþróttamanneskju Akraness.
4. Í byrjun desember kallar Íþróttabandalag Akraness eftir tilnefningum frá aðildarfélögum sínum í kjörið ásamt umsögn um þá íþróttamanneskju sem félagið tilnefnir. Hvert félag tilnefnir jafnan einna íþróttamanneskju úr sínum röðum í kjörið. Mælst er til þess að þau sem tilnefnd eru séu eldri en 14 ára.
5. Íþróttabandalag Akraness sendir aðildarfélögum sínum jafnframt leiðbeiningar um hvernig tilnefna skal íþróttamanneskju í kjörið. Til þess að geta gert sér gleggri mynd á afrekum þeirra sem tilnefnd eru þá eru félögin beðin að tilgreina nokkur atriði í sinni umsögn:
 1. Afrek / keppni erlendis á árinu (félag / landslið) – Taka fram hvort er í unglunga – eða fullorðinsflokki.
 2. Staðan yfir landið (og þá td. ef einhver unglingur er í háum styrkleikaflokki yfir landið í fullorðinsflokki)
 3. Afrek / keppni á Akranesi í unglungaaflokki / fullorðinsflokki:
 4. Almenn umsögn um íþróttamanninn – Afrek, karakter, stefna, o.s.frv.
6. Tilnefningar og afrek einstakra íþróttamanneskju er taka þátt í kjöri íþróttamanneskju Akraness skal kynna með opinberum hætti s.s. á heimasíðu Akraneskaupstaðar og ÍA amk. tíu dögum fyrir kjördag þann 6. jan. eigi síðar en 27. desember.
7. Í kjöri íþróttamanneskju Akraness eru 10 atkvæðaseðlar með stiga skiptingu sem skiptast niður með eftirfarandi hætti:
 - Akraneskaupstaður fer með þrjú atkvæði og hafa þau fallið í skaut bæjarstjóra og þeirra sem eru í forsvari um íþróttamál fyrir hönd bæjarins, það eru formaður skóla- og frístundasviðs og sviðstjóri.
 - Héraðsfréttamiðlar á Akranesi fer með eitt atkvæði hver sem helstu umfjöllunaraðilar íþróttanna á Akranesi.
 - Stjórn ÍA fer svo með fimm atkvæði.
8. Á atkvæðaseðil skal greiða þrem tilnefndum atkvæði sitt
 - 1. sæti 10 stig,
 - 2. sæti 7 stig og



- 3. sæti 5 stig.
-

Akurnesingar eiga kost á að taka þátt í kjörinu og velja milli þess íþróttafólks sem tilnefnd eru. Eitt atkvæði skal vera rafrænt í gegnum heimasíðu Akraneskaupstaðar.

9. Þegar kjörið á Íþróttamanneskju Akraness er kunngjört eru öll þau sem tilnefnd eru boðin á viðburð á vegum Íþróttabandalagsins og Akraneskaupstaðar og þeim veitt viðurkenning á tilnefningu og um leið er lesinn útdráttur úr umsögn um viðkomandi.

Í lokin eru síðan tilkynnt um þrjú efstu sætin í kjörinu.

Eftir að úrslit hafa verið kunngjörð er tilkynnt um val á sjálfboðaliða ársins.

Í byrjun desember (5. desember er dagur sjálfboðaliðans) ár hvert gefst íbúum og íþróttafélögum að tilnefna Sjálfboðaliða ársins.

Öllum gefst kostur á að senda inn rökstudda tilnefningu, stjórn Íþróttabandalagsins fer yfir tilnefningar og velur. Sá einstaklingur sem útnefningu hlýtur fær boð á viðburðinn 6. Jan. og tekur á móti sinni viðurkenningu. Þar verður líka þrír einstaklingar sem mæta og einn hlýtur viðurkenningu aðrir blóm.

Reglugerð þessi var lögð fyrir og samþykkt á ársþingi Íþróttabandalags Akraness 18. apríl 2024